

Gervilýðræði og lýðræðispreyta - grein í Vísi 23.10-2017

Við hrósum happi vegna lýðræðis okkar, stjórnarfyrikkomulags, þar sem lýðurinn, fólkið, ætti í sameiningu að ráða þeim málum, sem eru handan seilingar hvers og eins. En búum við eiginlega við gervilýðræði, þegar grannt er skoðað? Hugmynd framsækinnna lýðræðishugsuða var sú í meginráttum, að hver einstakur byggji yfir sjálfræði og sjálfvaldi til að framselja hluta þess til fulltrúa síns. Hér er hyggilegt að staldra við tvö atriði; annars vegar sjálfsveld/sjálfræði og hins vegar eðli fulltrúans. Fulltrúi er einstaklingur, sem starfar í umboði umbjóðanda. Fulltrúi er ekki flokkur og fulltrúa er að sjálfsögu ekki heimilt að skerða sjálfræði umbjóðenda síns umfram það, sem umboðið kveður á um. Aukin heldur er það hlutverk fulltrúa í lýðræðisríki að beita sér fyrir almennum lögum og reglum um líf fólks, leggja gjörva hönd á almannasáttmála, sem samrýmist réttlætisvitund almennings og lýtur að almannahagsmunum og almennum samskiptareglum. Slíkur almenningssáttmáli hlýtur óhjákvæmilega að eiga rót í góðum siðum og ætti að endurspegla siðvitund almennings. Hugsun lýðræðisspekinganna var einnig sú, að fulltrúar væru valdir tímabundið og allir væru valhæfir. Þannig m.a. mætti stuðla að tryggð fulltrúanna við umbjóðendur sína og nálægð. Með öðrum orðum væri hlutverk fulltrúa ekki atvinnumenska eða starfsframi. Þessi grundvallarhugsun felur í sér sjálfsagða skyldu hvers og eins til að taka þátt í stjórn samfélagsins. Hún felur einnig í sér, að fulltrúi sé valinn úr röðum almúgans, án þess að sérstakar kröfur séu til hans gerðar. Fulltrúarnir eða þingmennirnir skyldu endurspegla almúgann.

Í því lýðræði, sem þróast hefur á Vesturlöndum, er flestu því, sem að framan er talið, hér um bil snúið upp í andhverfu sína. Venjulega gefst fólki eingöngu kostur á því að kjósa flokka. Flokkur getur ekki verið fulltrúi eins og áður var drepið á. Í flokki myndast alls konar óheilnæm tengsl, t.d. hagsmunagæsla, vinavild og flokkadrættir. Það er mýgrútur dæma um þetta og alkunna íslenskum kjósendum. Flokkar verða eins og hverjar aðrar stofnanir. Eðli þeirra er að vernda viðgang sinn og vöxt, enda er það algengt, að stefnumál taki óbeinlínis mið af hagsmunagæslu málsmetandi flokksmanna eða séu aðlöguð því eðli hvers flokks að treysta flokksmenn í sessi í stjórnkerfinu og löggæslunni. Stjórnsýsla og löggæsla er handan beinnar, lýðræðislegrar íhlutunar. Sumir stjórnmalaflokkanna ganga oft og tíðum í berhögg við vilja þjóðarinnar, t.d. um þessar mundir augljóslega, hvað breytingu á stjórnarskrá viðkemur. Ófáir flokksbundnir stjórnmalamenn hygla gjarnan hver öðrum. Einkavinavæðingin er á allra vitorði. Annað dæmi, eilítið skondið, eru veitingar sendiherraembætta til aflóga stjórnmalamanna, sem af einhverjum misskilningi (eða getuleysi) gerðu hlutverks flokksfulltrúa að starfsframa. Þetta á einkum við um íslensku kjarnaflokkana, fjórflokkana svonefndu (Sjálfstæðisflokk, Alþýðflokk, Alþýðubandalag (Samfylkingu) og Framsóknarflokk). Flestir flokkana stunda lýðskrum, blekkingar, sefjun og hrossakaup. En það gera einnig sumir meðal stjórnmalamanna. Þeir reyna með málflutningi sínum að lokka kjósendur til fylgilags. Oftast eru á borð bornar gamlar dægurþraslummur, t.d. um láglaua(kvenna)stéttirnar (en oftast gapa þar og geipa hæst hálaunaðir starfsmenn þeirra). Lummurnar eru reyndar dæmigerðar um þvargið og munnræpuna, sem ósjaldan á sér stað, þegar fjöldi alþingismanna kemur saman. Þá eru umræður oft og tíðum skylmingar með orðum, rétt eins og hjá tveggja til þriggja ára börnum í leikskóla, sem þekkja orðanna hljóðan, en síður merkingu þeirra. Skynsamleg efnistöð og vilji til að komast að ásættanlegri niðurstöðu fyrir umbjóðendur vikja fyrir þvargi, óskynsemi, skorti á háttþryði og ávirðingum. Engan alþingismann – jafnvel ekki sjóræningja – hef ég séð starfa í hinum sanna lýðræðisanda, þ.e. að beita sér einungis fyrir almennum lögum og reglum á þeim sviðum, sem sjálfsveld og sjálfræði einstaklingsins dugar ekki til. Þess í stað eru flestir þeirra önnur kafnir við að koma böndum á fólk, skerða frelsi þess, rýra sjálfsveld, rýna í smáatriði og stinga nefinu (með hjálp stjórnsýslunnar) í hvers

manns kopp. Almennt eru Alþingismenn hlyntir lýðræðislegri ofurstjórn og vilja óðir og uppvægir koma fólki á hentugan, skilgreindan bás með kennitölu og bjöllu um hálsinn. Fjöldi þeirra vill til að mynda hafa áhrif á það, hvernig ég hugsa, hversu mikið ég spara og hvernig, hvað ég borða og drekk, hvar ég megi versla hinn og þennan varning og hvað hann skuli kosta. (Góður heilli eru þó gömlu skömmunarskrifstofurnar fyrir bí, þar sem ákveðið var bókstaflega, hvað landsmenn hefðu til hnífs og skeiðar.) Þeir vita sum sé, hvað mér er fyrir bestu á allmörgum sviðum. Forsjárhyggjan er þeim í blóð borin, taumhaldspörfin heldur hugsun þeirra í heljargreipum. Stórvarasamur er alþingismaður með hugsjón aðra en þá að sýna vilja og hagsmunum umbjóðenda sinna hollustu. Það má vænta þess að hann berjist á Alþingi með kjafti og klóm fyrir fjármunum til að hrinda hugsjóninni í framkvæmd. Og því miður eru hvergi reistar skorður við því valdi Alþingismanna að beita álögum, gjöldum og sköttum til að fjármagna sannfæringu sína eða greiða við hagsmunaaðilja. Slíkar skorður þarf að reisa í stjórnarskrá. Stjórnámálamenn og embættismenn stjórnsýslunnar eru yfirleitt vondir fjárhaldsmenn almennings, kunna lítt að fara með peninga og hafa ónóga þekkingu á þörfum og vilja fólks. Vitleysa þeirra getur stundum verið skemmtileg, t.d. þegar þeir láta hella hrönnum af grjóti í sjóinn í þeirri von, að einhvern tíma verði úr því varnargarður, eða gera kjánalegar fræðslumyndir um akstur, sem sýndar eru í „sjónvarpi okkar allra“ með miklum tilkostnaði. En áskrift að RÚV er reyndar eitt dæmi um lögbundin neysluútgjöld og skort á valfrelsi. Fyndnastir eru þó einkasjóðir ráðherranna, en í þá seilast þeir til að gauka glaðningi að vinum og vandamönnum (helst flokksmönnum) eða þeim, sem vekja áhuga á verðugu málefni. Stundum greiða þeir fyrir ráðgjöf til hvers annars eins og t.d. Eygló til Sifjar. (Það kann að vera nudd í því líka. Velnuddaður ráðherra er ráðherra bestur.) Stundum fá stjórnámálamenn – einkum þeir, sem sitja allt í kringum hin ýmsu borð í stjórnámálum, stjórnsýslu og einkareknu atvinnulífi – fjárvitranir, sem gagnast þeim en ekki öðrum eins og t.d. Bjarni Ben yngri.

Eins og áður er vikið að hafa flokkarnir tögl og haldir í stjórnsýslunni – sumir þó meira en aðrir. Þar eru vinagreiðar og hrossakaup ekki einungis daglegt brauð (eða hér um bil), heldur starfa stofnanir hennar að töluverðu leyti á eigin viðhaldsforsendum og starfa jafnvel á eigin starfsmönnum. Það er algengt í öllum stjórnkerfum. Stjórnámálamenn og stéttafélög hafa búið svo um hnútana, að örðugt er að skipta um stjórnendur í kerfum, sem virða nær eingöngu lögmál eigin gangverks og gleymt hafa tilgangi sínum. Þessar stofnanir lúta venjulega ekki beinu lýðræðislegu valdi. Í stjórnnum sumra þeirra sitja fulltrúar stjórnmalaflokkanna, trúir eigin stefnumiðum, og stunda stundum hagsmunagæslu fyrir sína menn. Það var til skamms tíma í heiðri höfð ákveðin hlutdeildarregla meðal fjórflokkanna, er laut að áhrifastöðum í stjórnkerfinu og leyfisveitingum til atvinnurekstrar. Slíkt fyrirkomulag stuðlar ákveðið að samþjöppun valds og spillingu.

Hvað er til ráða eigi raunhæft lýðræði að vera annað en svipur hjá sjón? Það þyrfti að mínum dómi að reisa skorður við gjaldtöku og álagningu skatta (þ.e. meira en bara útsvars), innleiða beint kjör fulltrúa ekki ósvipað því, er tíðkaðist á þjóðveldisöld í lýðræði höfðingja og hölda. En þá gátu höldar og góðbændur valið sér goða (fulltrúa). Einnig og jafnvel fremur mætti viðhafa beinan útdrátt fulltrúa almennings til tiltekins tíma, skipa þyrfti öllum (nauðsynlegum) stofnunum stjórnsýslunnar lýðræðislega stjórn við beinan útdrátt úr þjóðskrá, óháð útdrætti til Alþingis – eða koma á beinu kjöri - og fela verður þjóðinni í auknum mæli að taka ákvarðanir um öll mikilvæg málefni lýðveldisins í þjóðaratkvæðagreiðslum. Kunnátta samfélagsfræðinga af ýmsu tagi og tölvuvædd samskiptatækni ættu að nýtast vel í þessu efni. Við útdrátt væri leikur einn að velja Alþingismenn lagskipt eftir aldri og kyni úr þjóðskránni. Það er eins og staðhæft var í upphafi pistilsins, skylda hvers manns að taka þátt í stjórnnum ríkis og sveitarfélaga, hvort heldur er með þátttöku í atkvæðagreiðslum eða sem fulltrúi. Áðurgreindri tækni má reyndar beita við val fulltrúa í stjórn hinna ýmsu stofnanna og eru

ráðuneyti þá meðtalin. Í einstaklingskjöri mætti einnig kjósa nokkra lykilforgöngumenn lýðveldisins, til að mynda forseta þess, forsætisráðherra og forseta Alþingis. Og vitanlega til ákveðins tíma. Valddreifing er nauðsynleg til að spyrna gegn hagsmunagæslu og spillingu. Allar ráðningar í lykilstöður í stjórnslunni skyldu vera tímabundnar, ráð útdreginna þegna skyldu sjá um allar ráðningar hjá hinu opinbera og í réttarkerfi, réttargæslu. Sömu ráð skyldu hafa vald til að víkja úr starfi stjórnendaskussum, sem eru mýmargir í opinberum stofnunum og fyrirtækjum og standa starfi þeirra fyrir þrifum og stuðla að alls kyns andlegum vanþrifum.

Alþingiskosningar standa nú fyrir dyrum. (Í þetta sinn, þar eð Bjarni Ben trúði Björtu framtíðinni ekki fyrir því, hvað pabbi hans skrifaði um kynferðisafbrotamann.) Eins og oft áður sækir lýðræðisþreyta á almúgann. Lýðræðisþreytan er skiljanleg í ljósi þess, sem áður er fjallað um í pistlinum. Fólk finnur skiljanlega fyrir áhrifaleysi sínu, verður leitt á skrumi, vífillengjum og fánýtum viðkvæðum. Það dregur sig í hlé. Lýðræðinu stafar ógn af slíku vonleysi. Niðurstaðan við eldhúsborðið verður eina ferðina enn: „Það er sami rassinn undir þeim öllum.“ Skiljanleg niðurstaða í því ljósi, að lýðræðið, sem við búum við og þekkjum af raun, er skondin skepna. Í sinni einföldustu mynd felur það í sér, að meirihluti þvingar minnihluta að sætta sig við orðinn hlut. Það er lýðræðisofbeldið. Þegar kjörsókn er lítil, t.d. þegar um sextíu af hundraði kjósenda neytir atkvæðisréttar síns (það er ekki óvenjulegt) og rétt rúmur helmingur þeirra myndar meirihluta, ræður um þriðjungur kjósenda, hvaða flokkar skipa sæti alþingismanna. Þessi mynd gæti skekkst enn frekar hafi þeir, sem greiða ofurvægisatkvæði, hópast að kjörborðunum. Þessu þarf að breyta. Það ber brýna nauðsyn til að gera gangskör að afdrifaríkum úrbótum, svo ekki grípi um sig allsherjarlýðræðisdoði. Þegar lýðveldisins verða þá eins og hverjir aðrir bjöllusauðir, sem reka má á beit hingað og þangað með áróðri og múgsefjun, samkvæmt hentugleika ráðandi samfélagsafla. Bjöllukliðurinn gæti því miður látið vel í eyrum allmargra Alþingismanna.

Höfundur er ellilífeyrisþegi